

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	Sorphreinsigjald	Kr.	2.250
	Sorpeyðingargjald	“	1.450
B) Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	“	5.100
Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	“	5.000
“ 2	“	“	20.000
“ 3	“	“	40.000
“ 4	“	“	60.000
“ 5	“	“	80.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Ísafirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarkaupstað.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphirðugjald	kr. 7.000 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.		